

Sveitarstjórnarfundur 10. desember 2025

Miðvikudaginn 10. Desember 2025 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 36. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangsnesi.

Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Halldór Logi Friðgeirsson, Ísabella Benediktsdóttir og Sunna Einarsdóttir.

Oddviti setti fund kl. 20:00.

Ísabella Benediktsdóttir ritar fundargerð á tölvu.

Oddviti leitar afbrigða sbr. lið nr. 12. Lántaka og lið nr. 13. Héraðsnefnd Strandasýslu

Dagskrá 36. fundar:

1. Fundargerð 35. sveitarstjórnarfundar 13.11.2025
2. Fundargerðir nefnda
3. Aðrar fundargerðir
4. Tillaga að tekjustofnum 2026
5. Gjaldskrár sveitarfélagsins
6. Fjárhagsáætlun 2026 – Fyrri umræða
7. Fjárhagsáætlun 2026 og þriggja ára áætlun 2027-2029
8. Beiðni um samþykki auglýsingartillögu svæðisskipulags Vestfjarða
9. Beiðni um styrk frá Skíðafélagi Strandamanna
10. Kortlagning samantekt umhverfis og loftlagsmála
11. Ósk um tilnefningu í Farsældarráð Vestfjarða
12. Héraðsnefnd Strandasýslu

Fundargerð:

1. Fundargerð 35. sveitarstjórnarfundar 13.11.2025.

Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

2. Fundargerðir nefnda

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar 04.12.2025

Borinn upp og samþykkt.

3. Aðrar fundargerðir

a. 23. Fundur Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða, 17.11.2025.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

b. Fundur skiptastjórnar Héraðsnefnd Strandasýslu 20.11.2025.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

c. Fundargerð 154. fundar Heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis 19.11.2025.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

d. Fundargerð Sorpsamlags Strandasýslu 05.12.2025.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

HLE
Senn
/B.P.

4. Tillaga að tekjustofnum 2026

Tillaga að tekjustofnum 2026

- . Útsvar: 14,97% af útsvarsstofni eða hámarks útsvarsálagning sem heimilt er samkvæmt lögum.
- i. Fasteignaskattur.
 - a. Íbúðarhús og útihús í sveitum: 0,5% af fasteignamati húss og lóðar.
 - b. Opinberar byggingar: 1,32% af fasteignamati húss og lóðar .
 - c. Aðrar fasteignir: 1,4% af fasteignamati húss og lóðar.
Elli- og örorkulífeyrisþegar með lögheimili og búsetu í Kaldrananeshreppi njóta 75% afsláttar af fasteignaskatti ef árstekjur fara ekki yfir 4.500.000 kr.- hjá einstaklingi og 6.400.000 kr.- hjá hjónum samkvæmt nýjasta skattframtali. Þar með talið eignir og fjármagnstekjur.
Gjald dagar fasteignagjalda verði 5. þ.e.: 1. feb, 1. apr, 1. júní, 1. ágúst og 1. október.
- iii. Lóðarleiga í Drangsneslandi: Lóðarleiga verði 1,3% af fasteignamati lóðar.

Samþykkt samhljóða.

5. Gjaldskrár sveitarfélagsins

Tillaga

- . Gjaldskrá Drangsnesvatnsveitu:
Sveitarstjórn ákveður að notenda- og eingreiðslugjöld hækki um 3,5% ásamt því að hámarksgjald verði 33.690kr.- og lágmarksgjald hækki í 22.390kr.-
- i. Gjaldskrá fyrir fráveitur í Kaldrananeshreppi:
Sveitarstjórn ákveður að notenda- og eingreiðslugjöld hækki um 3,5% ásamt því að hámarksgjald verði 33,690kr.- og lágmarksgjald hækki í 22,390kr.-
- ii. Gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Kaldrananeshreppi.
Sveitarstjórn ákveður að notenda- og eingreiðslugjöld hækki um 3,5%.
- iii. Gjaldskrárhækkun Hitaveitu Drangsness:
Sveitarstjórn ákveður að vatnsgjald um vatnsmæli fyrir rúmmetra vatns hækki um 3,5%, notendagjöld hækki um 3,5% og eingreiðslugjöld hækki um 3,5%.
- iv. Gjaldskrá Drangsneshafnar:
Sveitarstjórn ákveður að notenda- og eingreiðslugjöld hækki um 3,5%.
- v. Gjaldskrá vegna skipulags og byggingargjalda:
Oddviti leggur fram tillögu um að gjöld vegna þjónustu byggingarfulltrúa verði í samræmi við gjaldskrár þeirra sveitarfélaga sem nýta sér þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa Stranda- Dala- og Reykhóla. Tillagan borin upp og samþykkt.
- vi. Ýmsar gjaldskrár og þjónustugjöld sem innheimt eru af Kaldrananeshreppi.
Oddviti leggur til að þjónustugjöld hækki um 3,5%.

Samþykkt samhljóða.

HLE
Stenn

6. Fjárhagsáætlun 2026 – Fyrri umræða

Fjárhagsáætlun 2026 og þriggja ára áætlun 2027-2029 rædd. Oddviti gerir grein fyrir rekstrarliðum sveitarfélagsins og fyrirhuguðum fjárfestingum ásamt fjármögnun.

Jón Ari Stefánsson endurskoðandi gerir grein fyrir fjárhagsáætlun 20256g þriggja ára áætlun 2027-2029.

Fjárhagsáætlun 2026 og þriggja ára áætlun 2027-2029 afgreidd til síðari umræðu. Samþykkt samhljóða.

7. Fjárhagsáætlun 2026 og þriggja ára áætlun 2027-2029

Fjárhagsáætlun 2026 og þriggja ára áætlun 2027-2029 afgreidd til síðari umræðu. Samþykkt samhljóða.

8. Beiðni um samþykki auglýsingartillögu svæðisskipulags Vestfjarða

Sveitarstjórn samþykkir auglýsingartillöguna.

Samþykkt samhljóða.

9. Beiðni um styrk frá Skíðafélagi Strandamanna

Sveitarfélagið sá sér ekki fært að vera með að þessu sinni.

Samþykkt samhljóða.

10. Kortlagning samantekt umhverfis- og loftslagsmál

Skýrsla lögð fram til kynningar.

Samþykkt samhljóða.

11. Ósk um tilnefningu í Farsældarráð Vestfjarða

Sveitarstjórn tilnefnir Hildi Aradóttur sem fulltrúa sveitarfélagsins.


Samþykkt samhljóða.

12. Lántaka

Oddviti óskar eftir heimild sveitarstjórnar til að framlengja yfirdráttarheimild hjá Sparisjóði Strandamanna.

Samþykkt samhljóða.

13. Héraðsnefnd Strandasýslu



Oddviti gerir grein fyrir að búið sé að slíta Héraðsnefnd Strandasýslu og eftirstöðvar greiddar til sveitarfélaga í samræmi við hlutfall.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.
Fundu slitið kl. 21.25.

Finur Matsson
Halldór Logi
Sunná Árnadóttir
J.B. Petersen